

## Í hverju felst sérhæft leikskólastarf fyrir börn með heyrnarerfiðleika

Vegna sérhæfingar og táknaáskunnáttu starfsmanna hefur ein stofa verið valin til að sinna börnum með heyrnarerfiðleika.

Hvert barn er með einstaklingsnámskrá sem endurmetin er reglulega. Unnið er að markmiðum barnsins við daglegar athafnir og leik með þematengdum viðfangsefnum með áherslu á öll námssviðin.

### Námskrá stofunnar inniheldur meðal annars:

- Málörvunarstundir í íslensku, einstaklings- og hópstundir
- Málörvunarstundir í táknaáli, einstaklings- og hópstundir
- Heyrnarþjálfun einstaklingslega og í hóp
- Framburðaræfingar í Talsjá
- Táknmáls stundir


**Vægi ofangreindra þátta í námskrá tekur mið af þörfum barnanna hverju sinni.**

### Starfsmenn

Sólborg hefur á að skipa hópi faglærðra starfsmanna bæði á sviði almennrar leikskólakennslu og sérkennslu. Leikskólastarfið byggir á samvinnu og samábyrgð allra á barnahópi leikskólans. leikskólinn hefur á að skipa sérkennara með sérnám og sérhæfingu á sviði kennslu barna sem tengjast mál- og heyrnarerfiðleikum. Auk þess er heyrnarlausir starfsmenn starfandi í leikskólanum. Allir starfsmenn leikskólans hafa sótt táknaálsnámskeið og hafa því einhverja táknaálsfærni.

Mars 2007 Jónína Konráðsdóttir; leikskólastjóri

## Leikskólasvið Reykjavíkurborgar



**Sameiginlegt nám heyrnarlausra/  
heyrnarskertra og heyrandi barna**

**Leikskólinn Sólborg  
Vesturhlíð 1  
105 Reykjavík  
solborg@leikskolar.is**

### **Leikskólinn Sólborg**

Sólborg er einn af Leikskólum Reykjavíkurborgar. Sólborg tók til starfa 1994. Gert er ráð fyrir 72 börnum samtímis í leikskólanum á aldrinum eins til sex ára og skiptast þau á fjórar stofur. Að jafnaði dvelja um 10 fötluð börn eða börn með umtalsverðar sérþarfir í leikskólanum.

Leikskólinn starfar samkvæmt aðferðum og hugmyndafræði um heildtæka skólastefnu. En hún leggur áherslu á að viðurkenna og virða margbreytileika hjá börnunum og vinna með tilliti til ólíkra þarfa þeirra.

### **Leikskólanám heyrnarlausra og heyrnarkertra barna**

Frá opnun Sólborgar árið hafa heyrnarlaus og heyrnarskert börn dvalið í leikskólanum. Árið 1998 fór Fræðslumiðstöð þess á leit við Leikskóla Reykjavíkur að þeir tækju við forskóladeild fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn sem rekin var af Vesturhlíðarskóla. Leikskólar Reykjavíkur fólu Sólborg að taka við þjónustunni sem tilraunaverkefni til eins árs. Tilraunaverkefnið snérist um hvort og hvernig hægt væri að koma til móts við þarfir barnanna félagslega og námslega á leikskóladeild með heyrandi börnum. Helstu niðurstöður að loknu tilraunverkefninu voru að börnin þyrftu sérhæfða þjónustu sem best yrði veitt í tvítyngdu málumhverfi þar sem íslenskt táknmál og íslenska væru töluð. Auk áherslu á að vinna markvisst með félagsþroska allra barnanna. Leikskóli sem starfaði eftir heildtækri skólastefnu væri því heppilegur kostur fyrir börnin. Vegna sérhæfingar starfsfólks og mikilvægis þess að heyrnarlaus og heyrnarskert börn fái tækifæri til að umgangast hvert annað var talið nauðsynlegt börnin yrðu höfð saman. Að loknu tilraunverkefninu var Sólborg falið að taka alfarið við þjónustunni og þróa leikskólatilboðið enn frekar.

**Þetta sérhæfða leikskólatilboð í Sólborg** stendur öðrum sveitarfélögum til boða fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn á sama hátt og forskóladeild Vesturhlíðarskóla gerði.

### **Snemmtæk íhlutun**

Leikskólaþjónustan er meðal annars byggð á skilgreiningu um snemmtæka íhlutun. Skilgreiningin vísar til að mikilvægt sé að byrja snemma að veita börnum markvissa kennslu og þjálfun. Íhlutun sé sérsniðin að þörfum hvers barns og foreldrar vinni í nánú samstarfi við starfsfólk.

### **Markmið:**

**Að töluð séu tvö mál**, íslenska og íslenskt táknmál á deild þar sem sameiginlegt nám heyrnarlausra, heyrnarkertra og heyrandi barna fer fram.

**Að heyrnarlausum börnum** með íslenskt táknmál að móðurmáli sé tryggð málörvun á táknmáli og tækifæri til að leika sér, þroskast og læra á táknmáli.

**Að heyrnarskert börn** fái öfluga mál- og heyrnarþjálfun og læri að nýta heyrn sína sem best með aðstoð heyrntækja. Að börnin kynnist og /eða læri táknmál.

**Að börn með kuðungsgræðslu** fái markvissa, öfluga mál- og heyrnarþjálfun. Að sú vinna fari fram í nánú samstarfi við talkennara barnsins. Að barnið kynnist og /eða læri íslenskt táknmál.

**Að heyrandi börn** kynnist og /eða læri táknmál og nýti það til samskipta. Að öll börnin kynnist menningu heyrnarlausra.

**Íslenska / táknmál:** Markmiðið með kennslu táknmáls er að gefa heyrnarskertum börnum fleiri leiðir til þekkingaröflunar og samskipta. Tíminn mun leiða í ljós hvort tungumálið barnið þarf, eða jafnvel kýs, til náms og samskipta.

